

Nd.

131. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 14 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Orðið „bjargsig“ í 8. gr. 2. b. laganna fellur niður.

Eftir staflið g. í 2. tölul. sömu greinar kemur nýr stafliður, er verður h., svo hljóðandi:

Sigmenn í bjargsigi.

2. gr.

Við 1. málsg. 13. gr. laganna bætist:

Á bátum, sem koma daglega að landi, reiknast tryggingartíminn þó aldrei lengri en svo á vertíð hverri, að fjórar sjóferðir minnst komi í viku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við bjargsig er venjulegt, að sex menn séu um eina festi. Samkv. ákvæðum alþýðutryggingalaganna eru þeir allir tryggingarskyldir. Þetta hefir þau áhrif í sumum sveitum, þar sem margt heimila hefir haft mikla heimilisbjörg af bjargsigi til eggjatekju og fuglatekju, að þessi bjargræðisvegur leggst því nær niður. Nú kemur það mjög sjaldan fyrir, að við bjargsig verði slys á öðrum en sigmanni. Breyting sú, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. þessa frv., er því sjálfsgöð.

Um breyting þá, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., er það að segja, að landróðrarbátar standa mjög ójafnt að vígi stærri skipum í því að sækja sjó, og er því ekki rétt, að sjómenn á þeim séu tryggingarskyldir eftir sömu reglum. Hefir þrásinnis komið fyrir, að bátum þessum hefir ekki gefið á sjó svo vikum skiptir á vetrarvertíð. Er óeðlilegt, að greidd séu full gjöld vegna slysaþattu á sjó, þegar alls ekki er á sjó farið.